

1. Ari Benediktsson, formaður klúbbsins, setur fundinn stundvíslega klukkan 20:00 og leggur til að Ingólfur Finnsson verði skipaður fundarstjóri og Pjetur St. Arason fundarritari.
Samþykkt með lófaklappi.

2. Skýrsla stjórnar – formaður dreifir skýrslunni til fundarmanna og fer yfir hana. Í henni kennir margra grasa (sjá fylgiskjal).

Sjóðstreymi á reikningi félagsins reifað og lögð fram skrá yfir eignir félagsins, en vegna fyrirhugaðra framkvæmda við kajakaðstöðuna, sem þegar hefur verið aflað styrkja til, hefur myndast nokkur inneign í sjóði þannig að fjárhagsstaða klúbbsins er með ágætum.

3. Lagabreytingar – Pálmi Benediktsson lýsir eftir tillögum um breytingar á lögum félagsins en þar sem engar tillögur berast er skorað á félagsmenn að kynna sér lög klúbbsins.

4-5. Kosning í embætti – stjórn klúbbsins endurkjörin og stjórnarkjörið staðfest með lófaklappi. Að því loknu var gert fundarhlé og því vísað til fundarins hvort ástæða væri til að taka upp starfsnefndir innan klúbbsins sem sæu um ýmis mál eins og t.d. aðstöðu, ferðir og annað. Í fundarhléinu fór fram inntaka nokkurra nýrra félaga.

6. Önnur mál

a) Félagsróðrar ákveðið að þeir verði á mánudögum í sumar kl. 19:30. Á þeim verður sama fyrirkomulag og undanfarin ár, utanfélagsmenn verða rukkaðir um 500 kr sem leigugjald fyrir búnað og annað. Ari leggur til að skipaður verði ábyrgðarmaður fyrir hverjum róðri fyrir sig. Nánara skipulagt lagt í hendur stjórnar og henni falið að útfæra fyrirkomulagið með ábyrgðamenn róðra.

Rætt um a- sniðugt gæti verið að hafa félagsróður víðar en á Norðfirði – hugmyndir um ferðir til Breiðdalsvíkur, Fáskrúðsfjarðar eða til Fljótisdalshéraðs.

b) Kajakmót Egill Rauði – Þorsteinn Sigurlaugsson segir frá fyrirhugaðri kajakhátíð í Neskaupstað dagana frá 6. til 8. júní. Hann hefur staðið fyrir Kajakmóti í Stykkishólmi undanfarin 4 ár og hugmyndin að gera eitthvað svipað hér. Dagskrá hátíðarinnar er tilbúin og má sjá hana á heimsíðu klúbbsins.

Enginn aðgangseyrir verður á hátíðna en rukkað verður fyrir námskeið sem haldin verða.

Rætt um að standa verði vel aðkynningu á hátíðinni, kaupa auglýsingar og annað slíkt.



Félag kajakraðara á Austurlandi

Að lokinni hátíðinni er fyrirhugað að fara í styttri ferð.

c) Styttri ferðir – Ari segir frá hugmynd um að koma á tveimur föstum ferðum á hverju ári. Einni styttri ferð sbr. ferð þá sem farin var í Reyðarfirði sl. sumar og svo verði haldið áfram með raðróðraferðir klúbbsins. Þar sem marmiðið er að fara hringinn í kringum landið í nokkrum smærri áfögnum.

Í framhaldi af því er skipuð ferðanefnd í henni eru: Bjarki Rafn, Þorsteinn Sigurlaugsson og Sigríður Þorgeirsdóttir.

d) Rætt um hvort ekki sé þörf á að koma á húsnefnd eða aðstöðunefnd – og sú nefnd sett á laggirnar. Í henni eru: Guðbjartur Hjálmarsson, Jóhann Pétur Gíslason og Þórður Snæbjörnsson.

e) Sundlaugaræfingar og aðrar æfingar. Rætt um námskeið fyrir nýliða og ræddur sá möguleiki að fara með nýliða í sundlaugina einhvern tíma í sumar, eftir þörfum. Ákveðið að stjórnin komi skikk á fyrirkomulag sundlaugaræfinga með haustinu. Hugmynd að því að vera með björgunaræfingar á sama tíma og félagsróðurinn.

f) Breytingar á stjórnkerfi bresku kajak-samtakanna (BCU) – ræddar. Þorsteinn segir frá námskeiði sem Kayakklúbburinn í Reykjavík ætlar að standa fyrir með haustinu þar sem menn geta fengið stjórnur í hatt sinn.

g) Félagsgjald – ákveðið að hafa það óbreytt frá síðasta ári. Félagsgjald fyrir einstakling 2500 kr. á ári / Aðstöðugjald, óháð bátæign, 1500 kr. á ári / Fjölskyldu gjald, eitt á fjölskyldu, óháð bátæign, 4500 kr.

h) Karl Jörgensen segir frá kaupum sínum á flúðabáti og leggur til að stofnuð verði straumvatnsdeild innan klúbbsins. Tillagan samþykkt og skipuð stjórn en í henni eru auk Karls, Þorsteinn Sigurlaugsson, Pálmi Benediktsson og Sigurbjörn Gunnarsson.

i) Pálmi segir frá fyrirhugaðri hellaskoðunarferð í Loðmundarfjörð í júnímánuði.

j) Ákveðið að hafa vinnuhelgi við aðstöðu klúbbsins í fjörunni okkar helgina 17. og 18. maí.

Fundi lokið kl.22:05



Félag kajakraðara á Austurlandi

Fylgiskjöl

Fylgiskjal I

Skýrsla stjórnar kajakklúbbsins KAJ

Kajakklúbburinn KAJ var stofnaður árið 1993 og er nú 15 ára gamall.

Klúbburinn var stofnaður á Norðfirði í kringum félagsskap áhugamanna kajakíþróttarinnar á Austurlandi og hefur síðan unnið að því að útbreiðslu íþróttarinnar á Austurlandi, verið með námskeið, kynnt íþróttina, farið í skipulagðar og óskipulagðarr ferðir og ýmislegt fleira.

KAJ hefur haldið góðu sambandi við aðra kajakklúbba á landinu. Og leitast hefur verið við að fá reglulega góða þjálfara og hefur klúbburinn fengið þá viðsvegar að úr heiminum. Helstan skal nefna Neil Shave, eða Reynir Neil, en hann gaf kajaksportinu hér heima mikið. Einnig skal nefna straumvatnsræðara frá Nýja Sjálandi, James Wenimore. Shawna, Leon og Chris réru hringinn í kringum landið árið 2003 og fengum við að njóta reynslu þeirra. Rotem Ron varð í sumar fyrst til að róa hringinn einsömul, en hún heimsótti okkur einnig. Geoff frá Englandi hélt fyrir okkur 4 stjórnun námskeið.

Félagsaðstaða

Aðstaða klúbbsins hefur batnað verulega gegnum árin, en fyrstu árin fengum við að geyma báta í hluta geymslu neðan við Norðfjarðarkirkju. Fengum við úthlutað allri geymslunni og ekki veitir af. En auk þess höfum við sjóhús í fjörunni. Ekki veitir af af allri aðstöðunni því sportið er alltaf að verða vinsælla og fleiri félagar sífellt að bætast í hópinn og allar geymslur fullar. Mikil vinna var lögð í vestari geymsluna, gólf slípað og málað að innan, en einnig var málað úti.

Verkefni sem fyrir liggja er lagfæring aðstöðunnar, stærstu verkefni eru:

1. Pallasmíði
2. Klæða geymslu,
3. Flotbyggjasmíði

Skipulögð dagskrá

Sundlauræfingar hafa verið haldnar í gegnum árin í Norðfjarðarlaug og er það ómetanlegt öryggisatriði að geta æft veltur og björgun í heitu vatni yfir vetrarmánuðina. Fengum við það í gegn á s.l. ári að hafa gjaldfrjálsan aðgang að öllum sundlaugum í Fjarðabyggð. Eftir áramótin 2007 hófust æfingar einnig í Egilsstaðalaug, og eru þær nú vikulega til skiptis á stöðunum. Ein einnig hafa verið haldnar æfingar á Djúpavogi, Breiðdalsvík og Fáskrúðsfirði.

Í sumar hafa verið fastir róðartímar á þriðjudagskvöldum klukkan átta, og hefur mæting verið góð.



Félag kajakraðara á Austurlandi

Stórar ferðir sem klúbburinn hefur skipulagt ber að nefna Breiðafjarðareyjar, 2ja vikna Grænlandsferð um Scoresbysund og síðastliðin ár er búið að róa strandlengjuna frá Bakkafirði til Djúpavogs. S.l. sumar var farið í 2 skipulagðar ferðir, Reyðarfjörður, sem var helgar ferð sem tókst mjög vel og Ólafsfjörður Húsavík, sem reyndar ekki var hægt að fara nema að hluta.

Eignir

Klúbburinn hefur eignast nokkrar eignir á þessum árum sem hann hefur lifað, svo sem báta og búnað, en það hefur verið eignast með því að vera með kayakleigu og halda námskeið.

Sl sumar var keypt ein Werner kajakár fyrir minni ræðara og 2 stk VHF talstöðvar.

Fjármál

Á s.l. ári fékk klúbburinn nokkra styrki, sem nema að fjárhæð 1.350.000 kr. Hæstur var styrkurinn frá Síldarvinnslunni, úr svokölluðum afmælissjóði, en hann er sérmerktur uppbyggingu félagsaðstöðunni og þar á eftir kemur styrkur frá Hafnarsjóði Fjarðabyggðar til gerðar flotbryggju, en einnig hlaut klúbburinn styrk frá Sprett, styrktarsjóð Alcoa og ÚÍA. klúbburinn hefur fengið styrki, þá frá Fjarðabyggð og eftir er að sækja styrk í styrktarsjóðinn Sprett sem styrktur er af ALCOA í samstarfi með ÚÍA.